



FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 16. nóvember 2023 kl. 15:00 að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Brynja Þorsteinsdóttir, Finnbogi Leifsson, Emil K Sævarsson, og Ómar Örn Kristófersson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri. Steinunn Magnúsdóttir og Magni Grétarsson boðuðu forföll.

1. Fundur settur

Formaður Kristinn Jónasson setti fund.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar 12. júní sl.

Lögð fram og samþykkt.

3. Gjaldskrá og ábyrgðargjald 2024

a. Gjaldskrá árið 2024 og hækkun ábyrgðargjalds

Tillaga að gjaldskrá lögð fram. Ábyrgðargjald 0,60 kr. pr. kg.

Gjaldskrá samþykkt.

Sjá gjaldskrá aftast í fundargerð.

4. Fjárhagsáætlun 2024

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun.

Farið yfir stærstu verkefni félagsins og þau rædd.

Stækkun urðunarsvæðis er stærsta verkefnið sem framundan er.

Ræddi formaður þær fáfestingar sem þarf að vinna fyrir urðunarstaðinn sem eru:

- Útboð á nýrri urðunarrein.
- Starfsmannaaðstaða í Fíflholtum.
- Áframhaldandi gróðursetning
- Vegagerð frá Þjóðvegi að Fíflholtum.
- Endurbætur á gólfi í vélageymslu.
- Næstu framkvæmdir við gassöfnunarkerfi.

Fjárhagsáætlun samþykkt.

5. Verkefni í Fíflholtum

Magntölur janúar til okt.

Urðuð hafa verið 14.425 tonn fyrstu tíu mánuði ársins.

Kyndill

Kyndillinn hefur ekki slegið feilpúst vel síðan 3ja fasa rafmagn var tengt inn til Fíflholta og er það ánægjuefni.

Skiptisamningar

Rætt um skiptisamninga við Sorpu bs á móti lífrænum úrgangi frá heimilum sem fara til GAJU.

Verkefni í Fíflholtum

Vegagerð. Lögð fram áætlun um kostnað við vegagerð heim að Fíflholtum.

Kristinn og Hrefna gerðu grein fyrir fundi með Vegagerðinni 8.11.sl. Samþykkt.

Sigvatnskerfi

Unnið hefur verið við það í sumar og fram á haust.

6. Álit Skipulagsstofnunar – ákvörðun um matsskyldu.

Þann 3. júlí 2023 var Skipulagsstofnun tilkynnt um gerð nýrrar urðunarreinar í Fíflholtum samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Lagt fram. Niðurstaða álitsins segir: „Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.”

7. Framkvæmdáætlun

Útboðsmál. Útboðsgögn lögð fram og hafði áður verið send út í tölvupósti á stjórnarmenn.

Urðunarrein 5 verður boðin út í komandi viku. Auglýsingar eru komnar í loftið og stefnt er að opnun tilboða föstudaginn 8. desember n.k. á skrifstofu SSV.

8. Fundargerðir

Samráðsvettvangur 16.08.23, 20.09.23.

Verkefnisstjórn Sambandsins í úrgangsmálum, dags. 3.7., 28.08., og 3.10.2023

Lagðar fram.

9. Önnur mál.

Rætt um breytingar við meðhöndlun rúlluplasts og skil þess til endurvinnslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir

GJALDSKRÁ

Urðunarstaður í Filholtum

Gildir frá 1. janúar 2024



Sorpflokkar	Sorpurðun Vesturlands.	2024
	Verð án vsk.	kr.
02 01 99	Veiðarfæri	31,5
02 01 02	Sláturúrgangur og dýrahæ (með fyrirvara)	22,0
02 01 00	Úrgangur frá vatns- Og sjávareldi og fiskveiðum	22,0
02 02 00	Úrgangur frá vinnslu kjöts og fisks	22,0
02 02 01	Steinefni með fitu 1211402510 Hrat	45,0
03 01 03	Spæmir, bútar, kurlað timbur	4,0
03 01 05	Timbur, ókurlað	13,5
13 05 08	Blandaður úrgangur úr sandföngurum og olíuskiljum	19,5
15 01 02	Heyrúlluplast óendurvinnanlegt	22,0
17 00 00	Úrgangur frá byggingu og niðurrifi mannvirkja	13,5
17 02 03 1	Grófur plastúrgangur - fiskikör o.þ.h.	31,5
17 06 01	Asbest, einangrunarefni sem inniheldur asbest	22,0
17 06 01 1	Asbest sementssteypurör	22,0
19 08 01	Urðun ristarárgangs	19,5
19 08 02	Seyra	19,5
20 01 02	Gler (með fyrirvara)	19,5
20 01 09	Fita	19,5
20 01 99	Húsgögn	19,5
20 03 01	Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum	13,5
20 03 04	Eðja frá rotþrómi, skólphreinsun	19,5
20 03 07	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	13,5
	Flokka þarf allan farm við móttöku * (200308)	25,0

*Vinsamlegast athugið að þessi gjöld koma til viðbótar almennum komugjöldum vegna urðunar

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024